

10. fundur skólanefndar Menntaskólans við Tröllaskaga 29. júní 2010, kl. 09.00 í húsi UÍÓ í Ólafsfirði.

Mættir: Lára Stefánsdóttir skólameistari, Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari, Helgi Jóhannsson formaður, Sólrún Júlíusdóttir, Bergþór Morthens, Hildur Ösp Gylfadóttir og Jónína Magnúsdóttir.

Formaður setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins.

1. Húsnæði – breytingar

Skólanefnd fór í vettvangsferð í verðandi skólahúsnæði þar sem skólameistari fór yfir væntanlegar breytingar sem gera þarf.

2. Skólanefnd – skipanir

Formaður gerði grein fyrir breytingum sem verða á nefndinni í kjölfar mannráðninga. AFE kemur til með að tilnefna nefndarmann í stað Jónu Vilhelmínu og mennta- og menningarmálaráðuneyti í stað Bergþórs og Önnu Sigríðar.

3. Styrkir vegna fisktæknináms og verkefnis um úrgangslist

Skólameistari greindi frá að menntamálaráðuneyti hefði samþykkt að veita styrk sem skólinn, ásamt átta öðrum skólum, sótti um vegna fisktæknináms. Einnig hlaut skólinn styrk úr Sprotasjóði vegna verkefnis um úrgangslist.

4. Nemendur

Skólameistari upplýsti skólanefnd um fjölda innritaðra nemenda. Nú eru 66 nemendur innritaðir og ekki enn ljóst hver skipting á brautir verður.

5. Starfsmannamál

Nú hafa verið ráðnir kennarar í allar þær stöður sem auglýstar voru. Harpa Jörundardóttir er ráðin í enskukennslu og sérkennslu, Valgerður Ósk Einarsdóttir í dönsku og upplýsingatækni dreifmenntar, Inga Eiríksdóttir í stærðfræði, Bergþór Morthens í fagurlistir og Óskar Þórðarson í íþróttir. Að auki mun aðstoðarskólameistari kenna íslensku.

Auglýst hefur verið eftir húsverði/umsjónarmanni fasteigna og tækjabúnaðar í 100% starf og fjármála- og skrifstofustjóra í 50% starf. Ráðið verður í þau störf frá 1. ágúst.

6. Stofnbúnaður

Skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa unnið undanfarið að innkaupalistum fyrir stofnbúnað fyrir skólann sem lagðir hafa verið fyrir fjársýslu ríkisins til samþykktar.

7. Námsframboð

Skólameistari gerði grein fyrir námsframboði á félags- og hugvísindasviði, náttúruvísindasviði, lista- og menningar sviði. Sérstaklega var gerð grein fyrir listasviði þar sem áhersla verður á fagurlistir, tónlist og nefndi að kennsla í listljósmyndun muni skapa skólanum sérstöðu.

8. Akstursmál

Skólameistari og skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar hafa unnið að sameiginlegu akstursskipulagi milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar fyrir nemendur Menntaskólans og Grunnskólans.

9. Önnur mál

9.1 Vefur skólans

Skólameistari upplýsti að Valgerður Ósk Einarsdóttir hefði tekið að sér að vinna við uppsetningu vefsins. Þá hefði verið óskað eftir ákveðnum breytingum á útliti vefsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

Fundargerð ritaði

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir